

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti – Eyrartröð 2b.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2025 breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti. Breytingin felst í að gerð er ný lóð, Eyrartröð 2b, sem er 72 m² að stærð, fyrir dreifistöð HS Veitna við lóðamörk lóða Eyrartraðar 2a og Melabrautar 18.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 15. desember 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 5. janúar 2026